


Hafnarstræti 16

- fornleifakönnun.

Ragnar Edvardsson og Garðar Guðmundsson



Fornleifastofnun Íslands

FS145-01071

Reykjavík 2001

© Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3,
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
1. Inngangur	1
2. Stutt yfirlit yfir sögu Hafnarstrætis 16	1
3. Aðferðafræði	3
4. Fornleifarannsókn	3
5. Niðurstöður	6
6. Skrá yfir jarðlög	7
7. Fundaskrá	8
TEIKNINGASKRÁ	8
LJÓSMYNDASKRÁ	8
8. Heimildir	10

1. Inngangur

Á síðasta áratug hefur verið mikil gróska í fornleifarannsóknum á Íslandi. Þessa grósku má að mörgu leiti þakka strangari lögum um verndun menningarminja og almennum áhuga á verndun fornminja. Í dag eru fornleifarannsóknir stundaðar af kappi víðsvegar á landinu en yfirleitt eru þessar rannsóknir stundaðar yfir sumartímenn. Það er því óvenjulegt að um hávetur skuli Fornleifastofnun Íslands standa fyrir tveim fornleifarannsóknum innan marka Reykjavíkurborgar. Báðar rannsóknirnar eru í tengslum við byggingarframkvæmdir. Sú fyrri, fornleifarannsóknin í Aðalstræti, er ein sú víðamesta síðan fornleifarannsókn var gerð í miðborg Reykjavíkur í upphafi sjöunda áratugarins. Sú síðari kom til af tilviljun er verktakar komu niður á hleðslu við viðgerð á húsinu á lóð Hafnarstrætis 16.

Árbæjarsafn hafði samband við Fornleifastofnun Íslands og óskaði þessa að stofnunin tæki að sér fornleifaeftirlit og rannsókn vegna þess að við framkvæmdir á undirstöðum hússins höfðu mannvistarleifar komið í ljós. Alsherjar viðgerð stóð yfir á húsinu og sá verktakafyrirtækið Ístak um endurbyggingu hússins.

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður þessarar rannsóknar. Unnið var við rannsóknina í tveim áföngum, í lok janúar og um miðjan febrúar. Fornleifafræðingarnir Garðar Guðmundsson og Ragnar Edvardsson sáu um rannsóknina.

2. Stutt yfirlit yfir sögu Hafnarstrætis 16

Á síðari hluta 18. aldar var Hafnarstrætið vegarslóði sem lá frá Arnarhólströðum og meðfram fjörunni norðan Hafnarstrætis. Á korti frá 1787 sést að fjörुकamburinn náði alveg upp að Hafnarstrætinu.¹

¹ Kort Rasmus Lievogs frá 1787



Mynd 1. Norðvesturhorn uppgraftrarsvæðisins.

Fyrsta hús sem vitað er um að staðið hafi á lóðinni var svokallað Kaðlarahús Innréttinganna. Þetta hús er merkt á korti Rasmus Lievogs frá 1787. Um nákvæma staðsetningu og útlit þess er ekki vitað en líklegt er að það hafi verið byggt úr torfi og grjóti.

Skömmu eftir 1790 var Kaðlarahúsið rífið og verslunarhús byggt á lóðinni. Húsið stóð til ársins 1824 en þá voru reist þrjú hús á lóðinni, krambúðarhús, bökunarhús og verslunar- og pakkhús. Verslunar- og pakkhúsið stóð við Hafnarstrætið og var jafnframt íbúðarhús. Það var grindarhús með múrsteinum í grindinni og aðeins vesturgaflinn var klæddur borðum. Hin húsinn tvö stóðu á baklóðinni.

Árið 1853 var húsið stækkað, þ.e. að miðhluti þess var gerður að tveim hæðum með mæni sem snéri þvert á húsið. Frekari breytingar urðu á húsinu árið 1879. Þá var það hækkað um eina hæð og fékk það útlit sem við þekkjum í dag. Frá 1879 og fram á byrjun 20. aldar

var rekið hótél í húsinu, Hótél Alexandra, og er það enn þekkt undir því nafni. Húsið við Hafnarstræti 16 hefur staðið tiltölulega óbreytt frá síðari hluta 19. aldar.²

3. Aðferðafræði

Þar sem að hér var um björgunarrannsókn að ræða var ákveðið að rannsaka eingöngu þar sem að ljóst var að fornminjum stafaði hættu af framkvæmdum. Annarsstaðar var haft eftirlit með framkvæmdum til að tryggja að aðrar fornminjar yrðu ekki fyrir skemmdum.

Það svæði sem var í mestri hættu var meðfram öllum veggjum hússins því framkvæmdaaðilar þurftu að grafa skurð til að geta styrkt undirstöður hússins. Einnig var lítið svæði norðvestan megin í húsinu rannsakað því þar höfðu komið í ljós óröskuð mannvistarlög.


Sjálfstætt hnitakerfi var sett upp innan hússins og var kerfið miðað út frá húsgrindinni. Staðsetningarpunkturinn X200/Y200 er norðvestur horn hússins, eða þar sem norður langhlið og vesturgafli hússins mætast. Neðsti hluti húsgrindarinnar var notaður sem hæðarpunktur, eða sú hæð sem hæðir á fornminjum voru reiknaðar út frá (0 m.y.s). Grafið var lag fyrir lag, það er að segja að hvert lag var skráð sérstaklega en eingöngu fjarlæggt ef það var talið nauðsynlegt.

4. Fornleifarannsókn

Við upphaf fornleifarannsóknarinnar var grafið meðfram öllum hliðum hússins vegna þess að styrkja þurfti undirstöður þess. Fylgst var með þessum greftri til að tryggja að engar mannvistarleifar væru í hættu. Á tveim stöðum komu í ljós mannvistarleifar sem talið var nauðsynlegt að rannsaka frekar.

² Guðmundur Ingólfsson o.fl. 1987.


Við suðurhlíð hússins kom í ljós steinhleðsla sem náði frá x207/Y193 til X220/Y193. Henni var gefið númerið 106. Vesturhluti hleðslunnar var skemmdur vegna



Mynd 2. Jarðlög 112 og 106

kjallara sem hafði verið grafinn í gegnum hleðsluna og einnig virtist hleðslan ekki ná alveg út að austurgafli hússins. Engin merki um hleðslu sáust meðfram austurgafli hússins. Hleðslan breikkaði við vesturendann og er líklegt að þar sé um leifar af eldstæði að ræða. Á milli steinanna í eldstæðinu voru leifar af steinlími. Ofan á eldstæðinu var hellulögn sem að öllum líkindum er ótengd því byggingarskeiði sem hleðslan og eldstæðið tilheyrir. Þessi hellulögn fékk númerið 112. Ekki var hægt að sjá hverju hellulögnin tilheyrði því að mikið hafði verið raskað allstaðar í kringum hana. Beggja vegna hleðslunnar og eldstæðisins var mól sem er gróf og sendin, mjög rótuð og blönduð rusli, svo sem smáspýtum, múrsteins- og þaksteinsbrotum. Svipuð mól var yfir öllu og er líklegt að hér sé um að ræða fyllingu undir núverandi húsi.

Eftir að mölin í norðvesturhorni hússins hafði verið fjarlægð komu frekari mannvistarlög í ljós. Þessi lög ná yfir mjög takmarkað svæði og eru mikið röskuð af framkvæmdum við húsið á mismunandi tímum.



Mynd 3. Hafnarstræti 16.

Undirstöður núverandi húss eru gerðar úr grjóti og fengu þær númerið 104. Við Y199-200/X205 kom hleðsla í ljós. Líklegt er að þessi hleðsla sé vesturhluti hleðslunnar sem kom í ljós við suðurhlíð hússins (106). Austan við hana er möl (111) en sunnan skurður eftir niðurfallsrör (103/104). Augljóst var að bæði þessi jarðlög voru röskuð þar sem mikið var þar af spýtum og ýmsu rusli frá mismunandi tímum. Vestan við skurðinn er hellulögn (109). Þessi hellulögn er skorin vestanmegin af grunninum (105) og austanmegin af niðurfallssturðinum (103/104). Hellulögnin er mjög lítil og er ógerningur að sjá hverju hún tilheyrir.

Sunnan við hellulögnina er torfblandað jarðlag (107). Þetta jarðlag er leifar af gömlu yfirborði en hefur verið mikið skert. Sunnanmegin er það skorið af kjallara hússins, vestanmegin og norðanmegin er lagið skorið af undirstöðuskurðinum. Austanmegin er jarðlag 107 skorið af lagi 116 sem er rótað lag og samanstendur af grófri sjávarmöl, sandblandaðri og

í henni eru aðskiljanlegustu aðskotahlutir svo sem skeljar, þarapönglar, leirkersbrot, bein, spýtubútar, pappír, málningarflögur, vegg/gólfplísar, plast og naglar. Erfitt var að aðskilja lag 101 (yfirborð) og lag 116 og eru þau sennilega sama lagið.

5. Niðurstöður

Við fornleifaeftirlit í Hafnarstræti 16 komu mannvistarleifar í ljós á tveimur stöðum, meðfram suðurhlíð hússins og í norðvesturhorni þess. Mannvistarleifarnar í norðvesturhorninu voru mjög takmarkaðar og eru að öllum líkindum leifar yfirborðs sem verið hefur utanhúss. Það er þá annaðhvort frá því fyrir 1824 – og hefur forveri núverandi húss þá ekki náð jafnlangt í vestur og nú – eða að húsið sem byggt var 1824 hafi upphaflega verið styttra og ekki náð jafnlangt í vestur og nú.

Ef núverandi bygging hefur að grunni til staðið frá 1824 þá hljóa vegghleðslurnar sem fundust að tilheyra húsinu sem stóð á lóðinni frá um 1790 til 1824. Þær sýna greinilega að það hús var sýnu minna en það sem stendur nú. Ekkert fannst hinsvegar sem nota mætti til að tímasetja hleðslurnar og því er ekki hægt að útiloka að þær séu yngri og að húsið hafi verið endurbyggt oftar en ritheimildir segja til um.

6. Skrá yfir einingar

101. Yfirborð/fylling innan úr húsinu.
102. Skurður fyrir niðurfallsrör
103. Fylling í skurð nr 112
104. Undirstöður undir Hafnarstræti 16
105. Skurður fyrir undirstöður.
106. Steinhleðsla í suðurenda.
107. Gamalt yfirborðslag.
108. Skurður.
109. Hellulögn í norðvestur horni.
110. Hleðsla í norðvesturhorni.
111. Skurður vestan við hleðslu norðvestan megin.
112. Hellulögn ofan á eldstæði.
113. Grjóthlaðinn kjallari
114. Fylling í skurði fyrir kjallara.
115. Malarlag.
116. Malarlag.
117. Skurður milli 116/107

7. Fundaskrá

Nr	Eining	Lýsing
1	116	Lausafundur í/ofan á 116. Brjóstahaldari í upprunalegri þakningu (plastpoka). Á umbúðum stendur: Charminlift Brassieres. Á pappaspjaldi í pokanum stendur: Art.No.13-1201; CUP C; SIZE 38; Charminlift.
2	116	1 stk þaksteinsbrot, rauður jarðleir án glerungs. 1 stk vegg/gólflís, rauður glerungur á annarri hlið og þar á leifar af dumbrauðri málningu en mött og gripmunstruð á hinni með leifum af mjúkri kítisklessu.
3	116	Sýnishorn af hlutum í 116. Bláskeljar, þarapönglar, bein (m.a. fiskbein), rauð jarðleirsbrot (þaksteinn, leirker eða múrsteinn), vegg/gólflísarbrot (sama og í 2), veggfóðurssnifsi, pappír og málningarflyksur.
4	114	1 stk leirkersbrot (barmbrot), rauður jarðleir frá 19/20. öld, glerungur innan og utan, upprunnið í suður Skandinavíu, norður Þýskalandi, eða Hollandi (Natascha Mehler pers com)

TEIKNINGASKRÁ

Nr	Skali	Eining
1	1:20	106
2	1:20	102, 103, 104, 105, 107, 108, 109, 110, 111
3	1:20	106 (112)
4	1:20	112 (106)
5	1:20	113, 114, 115, 116, 117

LJÓSMYNDASKRÁ

Nr	Í (átt)	Kontex	Stíka	Lýsing	Dags/tími	ID
01/330	Austur	106/112	1 m	Hleðsla.	15.02.01/11:00	GG
02/331	Austur	106/112	1 m	Hleðsla.	15.02.01/11:00	GG
03/332	Austur	106/112	1 m	Hleðsla.	15.02.01/11:00	GG
04/333	Austur	106/112	1 m	Hleðsla.	15.02.01/11:00	GG
05/334	Vestur	106/112	1 m	Hleðsla.	15.02.01/11:00	GG
06/335	Vestur	106/112	1 m	Hleðsla.	15.02.01/11:00	GG
07/365	Suður	113/114 /115	1 m	Norðvesturhorn kjallara.	19.02.01/16:00	GG
08/368	Austur	116/101	1 m	Mörk graftar til austurs.	19.02.01/16:00	GG
09/369	Austur	116/101	1 m	Mörk graftar til austurs, norðan No 9.	19.02.01/16:00	GG
10/370	Austur	116/111 /101	1 m	Mörk graftar til austurs, norðan No 10.	19.02.01/16:00	GG
11/371	Norður	113- 116/107	1 m	Norðvesturhorn kjallara.	19.02.01/16:00	GG
12/372	Norður	116	1 m	Milli kjallara og norðurhliðar	19.02.01/16:00	GG

				húss.		
13/373	Austur	113-116	1 m	Norðvesturhorn kjallara.	19.02.01/16:00	GG

8. Heimildir

Guðmundur Ingólfsson, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Hjörleifur Stefánsson. *Kvosin, Byggingarsaga Reykjavíkur*. Reykjavík 1987.

Kort Rasmus Lievogs frá 1787. Landsbókasafn Íslands.